

Miðvikudaginn 24. september 1997.

Nr. 384/1997.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Albart Jan van Houten

(Sveinn Andri Sveinsson hdl.)

Kærumál. Verjandi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 19. september 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 22. sama mánaðar. Kærð er ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur 19. september 1997, þar sem hafnað var beiðni Sveins Andra Sveinssonar héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda ákærða, um það, að hann yrði leystur frá verjandastarfi sínu, og jafnframt beiðni ákærða um að fá að tala máli sínu sjálfur. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.

Sóknaraðili krefst staðfestingar ákvörðunar héraðsdóms.

Með vísan til forsendna hinnar kærðu ákvörðunar verður hún staðfest.

Það athugast, að kæra þessi er algerlega ófyrirsynju.

D ó m s o r ð:

Hin kærða ákvörðun er staðfest.

Ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur 19. september 1997.

Í réttarhaldi í dag óskaði Sveinn Andri Sveinsson hdl. eftir því að verða leystur frá verjandastarfanum, en hann er skipaður verjandi ákærða, Albarts Jan van Houten. Ákærði, Albart Jan, hefur jafnframt óskað eftir því, að verjandi verði leystur frá verjandastarfanum og að ákærði fái að flytja mál sitt sjálfur.

Verjandi greinir m. a. svo frá í bréfi til dómsins, að hann telji meðferð á máli ákærða, Albarts, með þeim hætti, að ekki hafi verið um réttláta málsmeðferð að ræða og verjandi treysti sér ekki við slíkar kringumstæður til að

vinna störf sín. Þá rekur verjandi í bréfinu, að sér virðist ljóst af dómum Hæstaréttar frá 23. júlí og 18. september sl. um aðgang ákærða að skjölum málsins, að hagsmunum ákærða, Albarts, sé betur borgið, fái hann að verja sig sjálfur, og færði verjandinn fram rök sín því til stuðnings.

Ákærvaldið mótmælir ósk verjandans um kröfu ákærða.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. laga nr. 19/1991 er það ein aðalskylda verjanda að gæta réttar ákærðs aðila í hvívetna. Lögmönnum er skylt að flytja þau opinber mál, sem þeim verða falin, sbr. ákvæði í II. og III. kafla laga um málflytjendur nr. 61/1942. Skipaðir verjendur geta einungis hætt afskiptum af máli með atbeina dóms, sem þá leysir þá frá störfum. Í 1. mgr. 40. gr. laga nr. 19/1991 eru talin upp skilyrði þess að leysa verjanda frá verjandastarfa og að skipa nýjan í hans stað. Ekki er gert ráð fyrir því, að verjandi sé leystur frá verjandastarfi í því skyni, að ákærði tali sínu máli sjálfur.

Dómurinn telur með vísan til þessa ekkert það fram komið í málinu, sem heimili að leysa Svein Andra Sveinsson héraðsdómslögmann frá þeirri skyldu að gegna áfram verjandastarfa í máli þessu, og þannig að mati dómsins ekkert fram komið í málinu, sem heimili dóminum að leysa lögmanninn frá verjandastarfanum skömmu fyrir fyrirhugaða aðalmeðferð málsins, og er ósk lögmannsins um að verða leystur frá verjandastarfanum hafnað.

Ákærða, Albart, er gefið að sök stórfellt fíkniefnabrot. Ákærði, Albart, skilur ekki þingmálið, en allt það, sem fram fer í réttarhöldum, er túlkað fyrir hann. Með vísan til umfangs málsins, alvarleika ætlaðs sakarefnis og þess, að ákærði skilur ekki þingmálið, sem er til þess fallið að torvela skynjun hans á því, sem fram fer, sbr. 2. mgr. 35. gr. laga nr. 19/1991, telur dómurinn hagsmunum ákærða, Albarts, betur borgið með því, að skipaður verjandi gegni áfram þeim starfa, og er því hafnað ósk ákærða, Albarts, um að fá að tala máli sínu.
